



Nefndasvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

25. febrúar 2002
Snr. 004/TB

Efni: Frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar

Vísað er í bréf frá sjávarútvegsnefnd Alþingis, dags. 12. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruvernd ríkisins um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar, 333. mál.

Umfang athugasemda stofnunarinnar miðast við að allsherjarendurskoðun fari fram á sviði framangreinds frumvarps eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið. Náttúruvernd ríkisins telur eðlilegt að bætt sé við bráðabirgðaákvæði þar sem gert ráð fyrir að endurskoðun sé lokið innan ákveðins tíma s.s. þriggja ára.


Í framangreindu frumvarpi er í lagatexta ekki minnst á eða tekin afstaða til notkunar erfðabreyttra nytjastofna eða verndunar líffræðilegrar fjölbreytni. Í greinagerð með frumvarpinu, sjá um 3. gr., er fjallað um að í reglugerð eigi að tilgreina viðmið varðandi stærð stöðvar, eldisrými, framleiðslugetu og önnur vistfræðileg og sjúkdómsskyld sjónarmið. Nú hefur verið bætt í lagatexta 3. greinar, frá fyrra frumvarpi sama efnis, að skila skuli inn upplýsingum um framangreind atriði sem og stöðu gagnvart mati á umhverfisáhrifum og er það mjög til bóta. Það er tvímælalaust til batnaðar að framvegis sé þessum málum komið í einhvern farveg en eðlilegt væri að aðlaga lögina að kröfum sem gerðar eru til þátta er varða erfðabreyttar lífverur og verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Sérstök ástæða er til að fara varlega í þessum efnum bæði vegna almennrar verndunar og að um getur verið að ræða eldi tegunda eins og þorsks sem eru meðal mestu nytjastofna landsins.

Í frumvarpinu er eingöngu fjallað um nytjastofna og lífríki þeirra, eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. laganna. Markmið laganna er því fyrst og fremst að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra. Mun eðlilegra væri að markmið laganna væri að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á lífríki sjávar almennt þó að í lögnum sé sérstaklega bent á nauðsyn á sjálfbærri nýtingu villtra nytjastofna.

Náttúruvernd ríkisins vill benda á að með samþykkt laga um náttúruvernd nr. 44/1999 var gildissvið náttúruverndarlaga útvíkkað og gilda þau nú á íslensku landi og í landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Lögina breyta þó engu í ákvæðum annarra laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum til lands og sjávar. Það er eðlilegt að Náttúruvernd ríkisins sé umsagnaraðili sbr. 3. gr. frumvarpsins. Það hefur margoft komið fram að aðrar stofnanir t.d. eins og Hollustuvernd ríkisins veita ekki umsagnir út fyrir sitt svið í þessu tilfalli mengunarsvið. Engin þeirra stofnana sem eru taldar upp sem umsagnaraðilar gæta hagsmuna almennrar náttúru- og umhverfisverndar í víðum skilningi og ber því að leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins.

Náttúruvernd ríkisins vill benda á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskistofa gefi út rekstrarleyfi og hafi eftirlit með starfsemi stöðvanna hvað fiskeldislega þætti varðar. Mikil umræða hefur verið um sjókvíaeldi á Íslandi undanfarin misseri. Oft hefur verið um að ræða þorskeldi og laxeldi í sama firði t.d. Eyjafirði og má gera ráð fyrir að umhverfisþættir séu svipaðir fyrir bæði eldin. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskistofa fái það hlutverk að hafa eftirlit með og gefa út rekstrarleyfi fyrir eldi nytjastofna sjávar. Með þessu virðist sem að um verði að ræða tvöfalt kerfi er snýr að eftirliti og útgáfu rekstrarleyfa annars vegar fyrir nytjastofna sjávar og hins vegar fyrir ferskvatnsfisk.

Virðingarfyllst,



Árni Bragason
forstjóri



Trausti Baldursson
sviðsstjóri

Afrit: Umhverfissráðuneytið